

úrlausnar í sérstöku dómsmáli fyrir Hæstarétti. Áfrýjun þess máls þykir eigi hindra framkvæmd þeirra uppskriftar- og virðingargerða, sem um er deilt í þessu máli. Að virtum málavöxtum og með tilvísun til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 og grunnreglu 63. gr. skiptalaga nr. 3/1978 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 10.000,00 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Theódór Nóason, greiði varnaraðilja, Edel Maríu Madsen, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. október 1985.

Nr. 160/1985: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Önnu Antonsdóttur og

Birni Geir Jóhannssyni

(Sigurður Ólason hrl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Fjársvik. Ólögmet meðferð fundins fjár. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk beggja hinna ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. maí 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. ágúst sl.

Af hálfu ákærvalds og hinna ákærðu hefur verið lýst yfir því við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að eigi sé krafist endurskoðunar á ákvæðum héraðsdóms um fébætur. Koma þau því ekki til úrlausnar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Í ákæru hefur láðst að tilgreina lagastað, sem brot samkvæmt III. kafla ákæru varði við. Þar sem heiti brots er tilgreint og verknaðarlýsing skýr, þykir með hliðsjón af 118. gr. laga nr. 74/1974 mega beita 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um þessi brot, enda hefur málið verið sótt og varið með tilliti til þess.

Innbrot það í Kaupfélag Hafnfirðinga, sem lýst er í 4. lið II. kafla ákæru var framið 13. júlí 1984, en ekki 13. júní, svo sem ranglega er hermt í ákæru.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að stafesta niðurstöður hans um sakarmat og færslu brota til refsíákvæða.

Með hliðsjón af ákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, er refsing ákærðu Önnu hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Brot þau, sem ákærði Björn er sakfelldur fyrir, eru öll framin áður en hann var dæmdur í refsingu 14. janúar og 28. mars 1985, og ber samkvæmt 78. gr. hegningarlaga að dæma honum hegningarauka, sem þykir með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að áréttta ökuleyfissviptingu þá, sem ákærða hefur áður verið dæmd.

Þá ber að dæma ákærðu in solidum til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Anna Antonsdóttir, sæti fangelsi 10 mánuði og ákærði, Björn Geir Jóhannsson, fangelsi 6 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest að því er ákærðu varðar.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1985.

Ár 1985, mánudaginn 13. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 254-256/1985: Ákærvaldið gegn Önnu Antonsdóttur, Birni Geir Jóhannssyni og Guðnýju Rósu Magnúsdóttur, sem tekið var til dóms þann 26. apríl sl.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. apríl 1985, á hendur ákærðu Önnu Antonsdóttur, Austurbergi 12, fæddri í Reykjavík 27. júlí 1965, Birni Geir Jóhannssyni, Austurbergi 12, fæddum í Reykjavík 29. janúar 1964, og Guðnýju Rósu Magnúsdóttur, Mýrargötu 16, fæddri í Reykjavík, 27. desember 1963, öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum framin á árinu 1984:

I. Ákærðu Önnu og Guðnýju Rósu er gefið að sök að hafa, mánudaginn 30. júlí 1984, brotist inn í Pennaviðgerðina, Ingólfsstræti 2 í Reykjavík í félagi við Aðalstein Guðlaug Aðalsteinsson, f. 17.05. 1961 og Ragnar Örn Eiríksson, f. 09.05. 1960 og stolið um 300 krónum og nokkrum pennum.

Aðalsteinn Guðlaugur og Ragnar Örn framkvæmdu innbrotið á meðan ákærðu biðu við verslunina.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærðu Önnu er einni gefið að sök:

1.

Skjalafals, með því að hafa í ársbyrjun 1984 falsað nafnið Björn Einarsson sem ábeking á tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 20.000 gefinn út 10. febrúar s.á. í gjalddaga hinn 15. mars, samþykktan til greiðslu af Birni Geir Jóhannssyni, gefinn út og framseldan af ákærðu og víxil að fjárhæð kr. 100.000 í gjalddaga hinn 15. mars, gefinn út og framseldur af Ólöfu Önnu Ólafsdóttur 23. janúar s.á., samþykktan til greiðslu af Einari Harðarsyni pr. pr. Lagerinn.

Ákærða afhenti víxlana sambýlismanni sínum Birni Geir Jóhannssyni, og seldi hann 20.000 króna víxilinn í Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105 í Reykjavík og afhenti ofangreindum Einari Harðarsyni 100.000 króna víxilinn til sölu í Sparisjóði Kópavogs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2.

Að hafa 6. júní slegið eign sinni á seðlaveski Eyrúnar Baldursdóttur, sem hún fann á Austurvelli í Reykjavík, en í veskinu var auk skjala og skilríkja tékkhefti frá Alþýðubankanum við Suðurlandsbraut í Reykjavík og 1.000 krónur í tékkum.

Telst þetta varða við 246. gr. hegningarlagna.

3.

Í júnímánuði selt í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, eftirgreinda 10 tékka sem hún hafði faldið á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti, en tékkarnir eru gefni út til handhafa úr reikningi nr. 2248, nema annars sé getið, með útgefandanafninu Eyrún Baldursdóttir:

1) Tékki nr. 277408, að fjárhæð kr. 1.300, dagsettur 8. júní. Seldur á einni af bensínafgreiðslum Olís.

2) Tékki nr. 277423, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 15. júní. Sama notkun.

3) Tékki nr. 277407, að fjárhæð kr. 9.000, dagsettur 7. júní, úr reikningi nr. 22845. Seldur í Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105.

4) Tékki nr. 277414, að fjárhæð kr. 1500, dagsettur 11. júní. Seldur í versluninni Candis í Reykjavík.

5) Tékki nr. 277417, að fjárhæð kr. 1.200, dagsettur 13. júní. Seldur í söluturninum á Vesturgötu 14.

6) Tékki nr. 277418, að fjárhæð kr. 500, dagsettur 13. júní. Seldur í Ísbúðinni, Aðalstræti 4.

7) Tékki nr. 277421, að fjárhæð kr. 500, dagsettur 14. júní. Seldur í söluturninum Dimoni, Smiðjuvegi 60 í Kópavogi.

8) Tékki nr. 277422, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 15. júní. Seldur í stórmarkaði KRON í Kópavogi.

9) Tékki nr. 277409, að fjárhæð kr. 800, dagsettur 8. júní. Seldur í söluturninum Bollunni við Flatahraun í Hafnarfirði.

10) Tékki nr. 277410, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 12. júní. Seldur í verslun M. Gilsfjörð, Bræðraborgarstíg 1. (RLR mál nr. 1903/84).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlagna.

4.

Aðfaranótt þriðjudagsins 13. júní brotist inn í húsnæði Kaupfélags Hafnirfirdinga, Garðafliot 16-18, Garðakaupstað í félagi við Agnar Víði Bragason, f. 16.09. 1966, og stolið þar 75 vindlingalengjum og peningaskáp sem hafði að geyma allt að 175.166 krónur í reiðufé og tékkum, greiðslukortanótur

að fjárhæð kr. 10.104 og 70 tryggingavíxla samtals að fjárhæð kr. 700.000 auk annarra skjala.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

5.

Aðfaranótt þriðjudagsins 17. júlí brotist inn í verslunina Vöru loftið, Sigtúni 3 í Reykjavík í félagi við Gunnlaug Magnússon, f. 14.04. 1966 og Unnar Sigurð Hansen, f. 17.09. 1966 og stolið þar strigaskóm, tösku og um 1.600 krónum úr peningakassa verslunarinnar.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

III. Ákærðu Önnu og Birni Geir er báðum gefið að sök skjalafals með því að hafa í júnímánuði, staðið saman að sölu á eftirgreindum 4 tékkum, sem ákærða Anna falsaði á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti sbr. ákæruliði II. 2 og 3, en tékkarnir eru gefnir út til handhafa með útgefandanafninu Eyrún Baldursdóttir úr reikningi nr. 2248, nema annað sé tekið fram:

- 1) Tékki nr. 277411, að fjárhæð kr. 3.300, dagsettur 8. júní. Seldur í veitingahúsinu Klúbbnum við Borgartún í Reykjavík.
- 2) Tékki nr. 277412, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 9. júní. Seldur í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík.
- 3) Tékki nr. 277424, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 16. júní. Seldur í versluninni Bitabæ í Garðakaupstað.
- 4) Tékki nr. 277413, að fjárhæð kr. 300, dagsettur 9. júní. Seldur í Veitingahúsinu Óðali, (RLR mál nr. 1903/84).

IV. Ákærða Birni Geir er einum gefið að sök:

1.

Fjársvik með því að hafa, í aprílmánuði, selt í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík eftirgreinda 5 tékka, sem hann gaf út til handhafa úr reikningi sínum nr. 23180 við Samvinnubankann við Suðurlandsbraut í Reykjavík án þess að næg innistæða væri fyrir hendi á reikningnum:

- 1) Tékki nr. 2066473, að fjárhæð kr. 1.000.
- 2) Tékki nr. 206511, að fjárhæð kr. 1.000.
- 3) Tékki nr. 2068518, að fjárhæð kr. 500.
- 4) Tékki nr. 2068519, að fjárhæð kr. 500.
- 5) Tékki nr. 2068520, að fjárhæð kr. 1.100.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Að hafa, laugardaginn 26. janúar 1985, ekið bifreiðinni R-64330 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans í Vonarstræti.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og ákærði Björn Geir auk þess til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Málavextir eru þessir:

I.

Að kvöldi 30. júní sl. brutust Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson og Ragnar Örn Eiríksson inn í Pennaviðgerðina við Ingólfsstræti, R. Með þeim voru ákærðu Anna og Guðný Rósa. Skömmu síðar handtók lögreglan þau þar skammt frá í Skólastræti, og voru öll ölvuð. Piltarnir höfðu komist inn á innbrotstað með því að brjóta upp hurð, og þar stálu þeir um 300 kr. í peningum og nokkrum pennum. Ákærðu biðu átekta á meðan þessu fór fram.

Við yfirheyrslu hjá RLR daginn eftir kvað ákærða Anna, að piltarnir hafi reynt að brjótast inn á nokkrum stöðum á leið þeirra um Þingholtin, en þær meðákærða beðið á lengdar á meðan. Því næst hafi þær meðákærða beðið á gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis, á meðan piltarnir fóru eitthvað inn eftir götunni. Um 10 mínútum síðar komu þeir með umslag með nafni Pennaviðgerðarinnar svo og penna. Hún kvaðst ekki vita til þess, að þeir hafi stolið þarna peningum. Við handtöku á henni fundust tveir sjálfblekungar, sem hún kvað Ragnar Örn hafa afhent sér.

Við yfirheyrslu fyrir dómi kvað ákærða Anna þær meðákærðu hafa vitað, hvað til stóð, þegar piltarnir brutust þarna inn og biðu þeirra á meðan, en annan þátt hafi þær ekki átt að innbrotinu og hún hafi ekkert fengið í sinn hlut. Piltarnir hafi átt hugmyndina að innbrotinu og um það hafi verið rætt á göngu þeirra um Laugavegin, en ekkert um það rætt, að þær meðákærða tækju þátt í því.

Ákærða Guðný Rósa bar fyrir RLR, að piltarnir og þær meðákærða hafi öll verið á göngu um Laugavegin. Við verslunina Kosta Boda hafi verið ákveðið að brjótast inn í verslun í peningaleit, þar sem piltarnir voru peningalausir. Piltarnir gengu að Pennaviðgerðinni, en á meðan biðu þær meðákærða. Fyrir dómi bar ákærða, að þær meðákærða hafi átt að fylgjast með mannaferðum, á meðan piltarnir brutust þarna inn. Hún kvaðst ekkert hafa fengið af þeim pennum eða peningum, sem þeir stálu þarna, enda

handtók lögreglan þau þar skammt frá. Við samprófun ákærðu kvaðst ákærða Anna ekki mótmæla þeim framburði meðákærðu Guðnýjar Rósu, að þær hafi átt að gæta mannaferða, á meðan piltarnir brutust inn, en bar við minnisleysi.

Þáttur Aðalsteins Guðlaugs og Ragnars Arnar var aðgreindur máli þessu.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi þeirra sönnuð, og varðar hún við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin bótakrafa var lögð fram í málinu vegna þessa innbrots.

II.

1. Mánudaginn 26. mars 1984 kom Björn Einarsson að máli við RLR og lagði fram kæru vegna fölsunar á nafni sínu sem ábekings á tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 20.000, útgefinn þann 10. febrúar 1984, með gjald-daga 15. mars sama ár, framseldur og útgefinn af ákærðu Önnu Antons-dóttur, en greiðandi og samþykkjandi Björn Geir Jóhannsson, og hinn upphaflega að fjárhæð kr. 100.000, gefinn út þann 23. janúar 1984, með gjald-daga 1. mars 1984, gefinn út og framseldur af Ólöfu Önnu Ólafsdóttur, samþykktur til greiðslu af Einari Haraldssyni pr. pr. Lagerinn hf.

Ákærða Anna hefur viðurkennt að hafa falsað nafn Björns Einarssonar á þessa tvo víxla í ársbyrjun 1984 og að hafa afhent þá sambýlismanni sínum Birni Geir Jóhannssyni, sem seldi fyrrgreindan víxil í Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, R., en þann síðargreinda afhenti Björn Geir Einari Haraldssyni til sölu í Sparisjóði Kópavogs. Vixillinn að fjárhæð kr. 100.000 var lækkaður í kr. 61.000 við kaup hans í banka þann 21. janúar 1984. Birni Geir og Einari var ekki kunnugt um fölsun ákærðu, er þeir seldu víxlana.

Með játningu ákærðu Önnu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir framangreind háttsemi hennar sönnuð, og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

2. Þann 13. júní sl. tilkynnti Egill Baldursson RLR, að seðlaveski hans hefði verið stolið að kvöldi þess 6. sama mánaðar á veitingahúsinu Ódali. Kvað hann eiginkonu sína hafa skilið það eftir örskamma stund á barborði veitingahússins, en þegar hún hugðist sækja það, var veskið horfið. Í veskinu var ökuskirteini og önnur skilríki Egils, tékkhefti systur hans, Eyrúnar Baldursdóttur, á Alþýðubankann svo og tveir útfylltir tékkar, hvor að fjárhæð kr. 500, gefnir út af Eyrúnu. Kærandinn kvað sér kunnugt um, að þegar væru falsaðir tékkar farnir að berast Alþýðubankanum úr tékkheftinu. Alþýðubankinn staðfesti þetta og kvað m.a. annan útfyllta tékkann að fjárhæð kr. 500 hafa borist bankanum.

Ákærða Anna hefur fyrir RLR og dómi borið, að hún hafi fundið ofan-

greint seðlaveski um kl. 01:00 aðfaranótt 7. júní á Austurvelli og slegið eign sinni á það með því, sem í því var, að sögn kæranda. Kvað hún það hafa vakað fyrir sér að skila veskinu, en það farist fyrir. Við yfirheyrslu hjá RLR 21. júní sl. viðurkenndi hún að hafa selt þá tvo tékka, sem voru útfylltir, hvor að fjárhæð kr. 500, svo og að hafa falsað og selt þau eyðublöð, sem voru í veskinu, en hún taldi, að þá er hún fann heftið, hafi vantað í það 5-6 eyðublöð.

Ákærða hefur viðurkennt fyrir RLR og dómi, að hún hafi falsað þá 10 tékka, samtals að fjárhæð kr. 20.800, og notað í staðgreiðsluviðskiptum, svo sem nánar er lýst í 3. lið þessa kafla ákæru. Er gerð tékkanna og notkun þeirra þar rétt lýst.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hennar sönnuð. Varðar taka hennar á veskinu við 246. gr. alm. hegningarlaga, en sala hennar á hinum fölsuðu tékkum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Þessir hafa lagt fram skaðabætur vegna framangreindra tékka:

3. Aðfaranótt föstudagsins 13. júlí sl. ók ákærða Agnari Víði Bragasyni að Kaupfélagi Hafnarfjarðar við Garðaflöt 16-18, Garðakaupstað. Þar braust Agnar inn með því að rífa gat á loftlúgu á hurð á ruslageymslu og á lúgu milli bakherbergis verslunarinnar. Á skrifstofu verslunarstjórans stal hann peningaskáp með peningum, tékkum, víxlum, greiðslukortanótum o.fl. skjölum og auk þess allt að 75 vindlingalengjum. Að sögn kæranda var í skápnum í peningum kr. 92.200, kr. 82.966 í tékkum, greiðslukortanótur að fjárhæð kr. 11.104 auk 70 tryggingavíxla, hver að fjárhæð kr. 10.000, auk ýmissa skjala. Auk þess hafi verið stolið um 75 vindlingalengjum.

Ákærða beið, á meðan á þessu stóð, í bifreiðinni ásamt Jóhanni Ósland Jósepsyni. Þegar Agnar Víðir kom út með peningaskápinn og vindlingana, bað hann ákærðu að bakka bílnum að bakdyrunum og opna farangursgeymsluna. Er hún hafði gert það, hjálpuðust Agnar Víðir og Jóhann við að koma skápnum þar fyrir. Þaðan var ekið með skápinn að Mýrargötu, en fljótlega eftir það skildu leiðir ákærðu og Agnars Víðis. Síðar fór Agnar Víðir í félagi við nokkra menn á verkstæði við Smiðjuveg, þar sem notuð voru logsuðutæki til að opna skápinn. Agnar Víðir hefur borið, að þá er skápurinn var opnaður, hafi verið í honum ca 53.000 kr. í peningum auk víxla og ávísana. Hann hafi fengið í sinn hlut um helming peninganna, en þeir, sem hjálpuðu honum að opna skápinn, hinn helminginn. Skápurinn hafi verið falinn í hrauninu við Krísvíkurveg. Agnar Víðir vísaði RLR á skápinn þrem dögum eftir innbrotið, og voru þá í honum 46 tryggingavíxlar, hver að fjárhæð kr. 10.000.

Ákærða Anna hefur viðurkennt þátt sinn í framangreindum þjófnaði, en borið, að hún hafi fengið í sinn hlut það, sem nemur einni vindlingalengju og 5 kókflöskum, eða um kr. 800.

Ekkert komst til skilanna af framangreindu þýfi nema ofangreindir 46 tryggingavíxlar, samtals að fjárhæð kr. 46.000 (sic).

Þáttur Agnars Víðis og annarra þeirra, er komu við sögu máls þessa, hefur verið aðskilinn máli þessu.

Af hálfu Kaupfélags Hafnfirðinga hefur verið lögð fram eftirfarandi skaðabótakrafa vegna innbrots þessa:

— — —
 Í ofangreindri skaðabótakröfu er talið, að samtals hafi verið stolið kr. 41.581,60 í peningum, kr. 78.966,15 í ávísunum, kr. 11.105,76 í greiðslukortanótum og staðgreiðslunótum að fjárhæð kr. 7.875,80 svo og 80 vindlingalengjum. Ákærða hefur viðurkennt að hafa í félagi við Agnar Víði stolið 75 vindlingalengjum, en Agnar hefur hins vegar borið að lengjurnar hafi að sínu mati verið um ca 50. Hins vegar kveðst hann ekki hafa talið þær. Kærandi taldi hins vegar, að það hafi nálgast 75 lengjur, sem hurfu í innbrotinu. Með hliðsjón af framansögðu svo og játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins verður talið sannað, að hún hafi með framangreindri háttsemi sinni tekið þátt í þjófnaði á kr. 41.581,60 í peningum, kr. 78.966,15 í tékkum, kr. 11.105,76 í greiðslukortanótum, staðgreiðslunótum að fjárhæð kr. 7.875,80 og peningaskáp þeim, sem þessi verðmæti voru í, svo og 50 vindlingalengjum. Með þessari háttsemi hefur ákærða gerst sek um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.

4. Aðfaranótt 17. júlí sl. braust ákærða Anna í félagi við Gunnlaug Magnússon og Unnar Sigurð Hansen inn í verslunina Vöruloftið við Sigtún 3, R. Komust þau inn með því að brjóta hurðarhlera úr spónaplötu við útidyrhurð. Þarna stálu þau úr peningakassa verslunarinnar um kr. 1.600, strigaskóm, tösku, 20-40 dollurum og ávísun að fjárhæð kr. 1.000.

Með játningu ákærðu þykir sannað, að hún hafi tekið þátt í þjófnaði á framangreindum verðmætum. Í kæru kemur hins vegar ekki fram, að þarna hafi verið stolið umræddri ávísun eða dollurum og er ákærða ekki ákærð fyrir þjófnað á því. Verður hún því eingöngu sakfelld fyrir þjófnaðinn á peningunum, töskunni og skónum. Þykir sá verknaður hennar varða við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ekki var lögð fram skaðabótakrafa vegna þessa þjófnaðar.

III.

Þann 8. júní sl. seldi ákærði Björn Geir í Veitingahúsinu Klúbbnum tékka úr tékkhefti því, sem um er getið í 3. tl. II. kafla hér að framan, sem ákærða Anna hafði slegið eign sinni á. Tékkinn er númer 277411 að

fjárhæð kr. 3.300, dags. 8. júní sl., gefinn út til handhafa með útgefanda-nafninu Eyrún Baldursdóttir, framseldur af Önnu Friðbjörnsdóttur.

Ákærða Anna hefur fyrir RLR og dómi viðurkennt að hafa falsað fram-hlið tékkans að öðru leyti en því, að meðákærði Björn Geir hafi fyllt út fjárhæð tékkans í tölustöfum og bókstöfum. Hún kvaðst ekki hafa komist inn í veitingahúsið og því hafi Björn Geir selt tékkann fyrir áfengi, sem hún naut góðs af, þar sem Björn Geir hafi komið með áfengið út af veit-ingastaðnum. Við fyrrgreinda yfirheyrslu hjá RLR þann 25. september sl. kvað ákærða Anna, að meðákærða hafi verið um það kunnugt, þegar hún lét hann hafa tékkann, að hann var falsaður. Fyrir dómi þann 15. apríl sl. bar hún það hins vegar til baka, að meðákærða hafi verið kunnugt um, að tékkinn var falsaður, þá er hún lét hann hafa tékkana.

Við yfirheyrslu fyrir RLR þann 21. júní sl. kannaðist ákærði Björn Geir ekki við að hafa tekið þátt í tékkafalsi, en hins vegar hafi honum verið kunnugt um, að fyrrverandi sambýliskona hans, meðákærða Anna, hafi falsað og selt ávísanir úr tékkhefti á Alþýðubankann. Kannaðist hann við að hafa framselt einn tékka fyrir Önnu og selt, en honum hafi þá ekki verið kunnugt um, að tékkinn var falsaður. Tékkinn hafi verið að fjárhæð kr. 2.000 og hafi það verið eini tékkinn, sem hann mundi eftir að hafa selt fyrir meðákærðu. Er hún það hann um að selja tékkann, hafi hún sagt, að hann væri greiðsla frá vinkonu hennar, og hafi hann trúað henni. Hann kvaðst hafa látið meðákærðu hafa peninga þá, sem fengust fyrir tékkann, en fengið hluta af peningunum til kaupa á áfengi, sem þau drukku saman ásamt þeim, sem keypti af honum tékkann. Ákærða var þá sýndur tékki nr. 277412 að fjárhæð kr. 2.000, dags. 9. júní sl., útgefinn með nafni Eyrúnar Baldursdóttur, framseldur af ákærða og Hafsteini Sörensen, seldur í veitingahúsinu Óðali. Kvað hann hér vera kominn framangreindan tékka.

Er ákærði var yfirheyrður nokkrum dögum síðar þann 26. sama mánaðar kvaðst hann hafa komist að því á hvítasunnudag (10. júní), að meðákærða væri að falsa og selja falsaða tékka, og þá hafi hann beðið hana að hætta því. Hann vissi ekki, hve marga tékka hún hafði selt og falsað, en hann hafi sennilega verið með henni í einhver þau skipti, en þó ekki alltaf. Hann kannaðist hins vegar ekki við að hafa fengið peninga hjá henni, sem hún fékk við sölu tékkanna. Honum var þá sýndur tékkinn nr. 277411, sem lýst hefur verið hér að framan, og kannaðist hann við að hafa útfyllt fjár-hæð tékkans, sem hann fékk útfylltan að öðru leyti hjá meðákærðu. Hann hafi farið með tékkann inn í veitingahúsið Klúbbinn og útfyllt fjárhæðina þar og selt hann á barnum barþjóni að nafni Anna. Tók hann áfengi út á tékkann fyrir sig, meðákærðu og fleira fólk. Í ofangreindri skýrslu er þetta ennfremur haft eftir ákærða um þennan tékka. „Ég sá ekki þegar Anna Antonsdóttir útfyllti tékkann að því leyti sem hún útfyllti hann, en

þegar hún falsaði nafnið Eyrún Baldursdóttir á tékkann þá sat úr (sic) í aftursætinu á bílnum sem við vorum í þegar þetta gerðist en ég sat í framsætinu hjá öikumanninum. Ég vissi þar af leiðandi að Anna var að falska tékkann og ég gerði mér grein fyrir því þegar ég notaði tékkann sem greiðslu að ég yrði að endurgreiða andvirði hans.“

Enn var tekin skýrsla af ákærða hjá RLR þann 27. september sl. varðandi tékka nr. 2774411, og kannaðist hann sem fyrr við, að hann hefði útfyllt tékkann og notað, svo sem fyrr greinir. Kvaðst hann áður hafa gert grein fyrir vitund sinni um tékkann í skýrslum hjá RLR og sá ekki ástæðu til að hafa það eftir einu sinni enn.

Enn var tekin skýrsla af ákærða varðandi ofangreindan tékka nr. 277411 hjá RLR að beiðni hans þann 13. júlí sl. Í henni segir: „...Varðandi skýrsluna sem tekin var af mér þann 26.6. 1984 hjá RLR þá vil ég meina að það gæti misskilnings í henni. Misskilningurinn er í því fölginn að það kemur fram í þessari skýrslu að ég hafi vitað að tékkinn sem ég útfyllti að hluta til í Klúbbnum á laugardaginn fyrir hvítasunnu væri falsaður, en það er ekki rétt. Það rétta er að ég komst ekki að því að Anna var að falska þessa tékka fyrr en að kvöldi hvítasunnudags, eða aðfaranótt annars í hvítasunnu og þar af leiðandi vissi ég ekkert um að undirskriftin á þessum tékka sem ég útfyllti og seldi í Klúbbnum þetta umrædda laugardagskvöld var fölsuð. Ég vil líka taka það fram í sambandi við þennan tékka sem ég útfyllti og seldi í Klúbbnum að ég sá ekki þegar Anna útfyllti þetta eyðublað að þeim hluta sem hún útfyllti það, en það er að hún skrifaði nafn útgefanda á tékkann og einnig reikningsnúmer. Eins og fram kemur í skýrslunni þá sat Anna í aftursæti bílsins en ég í framsætinu. Ég sá því ekki þegar hún útfyllti tékkann og taldi að einhver vinkona hennar hefði látið hana hafa tékkann.“

Við yfirheyrslu fyrir dómi neitaði ákærði hins vegar, að hann hafi vitað, þá er hann seldi tékkann, að hann væri falsaður, hann hefði talið, að tékkinn væri vel fenginn.

Er nánari skýrsla var tekin af ákærða Birni Geir hjá RLR þann 27. september sl. varðandi tékka nr. 277412, kannaðist hann við að hafa reynt að skipta tékkanum á bar á veitingahúsinu Óðali, en þegar hann kom á barinn, hafi verið búið að loka honum. Hafi Hafsteinn Sörensen þá boðist til að skipta fyrir hann tékkanum, sem ákærði þáði, og var drukkið áfengi fyrir andvirði tékkans. Hann kvað ákærðu Önnu hafa látið hann fá tékkann og hafi honum þá ekki verið kunnugt um, að hann var falsaður. Hann hafi ekki vitað betur en tékkinn hafi verið greiðsla til Önnu frá einhverri vinkonu hennar.

Varðandi tékkann nr. 277412 bar ákærða Anna fyrir RLR þann 21. júní og 25. september sl. svo og fyrir dómi, að hún hafi falsað framhlið tékkans

og reynt að selja hann á ofangreindum veitingastað, en ekki tekist og þá hafi hún fengið meðákærða til að reyna að selja tékkann, en meðákærði svo fengið Hafstein Sörensen til að skipta tékkanum. Taldi ákærða, að Björn Geir hafi þá ekki vitað, að tékkinn var falsaður. Það sama bar ákærða fyrir dómi.

Við yfirheyrsluna fyrir RLR þann 21. júní sl. kannaðist ákærða Anna ennfremur við, að hún hafi falsað tékka nr. 277413 að fjárhæð kr. 300, gefinn út til handhafa þann 9. júní sl. með sama útgefandanafni og á fyrrgreinda tékka. Kannaðist hún við að hafa útfyllt framhlið tékkans að öðru leyti en því, að hún kannaðist ekki við að hafa skrifað á hann fjárhæðina. Hún gat ekki fullyrt, hver hefði gert það, en vel kynni að vera, að það hefði meðákærði gert, en ef svo hefði verið, hefði hann tekið tékkann án hennar vitundar. Hún kvaðst ekki hafa selt tékkann. Við nánari yfirheyrslu þann 25. september sl. bar hún, að meðákærði hefði fyllt út tékkafjárhæðina og selt hann að því er hún best mundi á veitingahúsinu Óðali, en þá hafi hann ekki vitað, að tékkinn var falsaður. Ákærði Björn Geir bar við yfirheyrslu hjá RLR þann 27. sama mánaðar, að hann hafi útfyllt fjárhæð tékkans, en fengið hann að öðru leyti útfylltan hjá meðákærðu og selt hann í Óðali, en honum hafi þá ekki verið um það kunnugt, að tékkinn var falsaður. Ákærðu báru bæði fyrir dómi á sama veg og í síðustu yfirheyrslum yfir þeim fyrir RLR.

Við ofangreinda yfirheyrslu yfir ákærðu Önnu hjá RLR þann 21. júní sl. játaði hún ennfremur að hún hefði falsað að öllu leyti tékkann nr. 277424 að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn þann 16. júní sl., með sama útgefandanafni og fyrrgreindir tékkar og selt hann í sjoppu í Garðabæ. Meðákærði hafi verið viðstaddur, er hún útfyllti tékkann að hluta til og seldi hann, en hann hafi ekki vitað, að hún var að falsa tékka. Ákærða bar hins vegar í síðari yfirheyrslu fyrir RLR þann 25. september sl., að meðákærði hafi vitað, að hún hafi verið að falsa og selja falsaða tékka og bedið hana að hætta því, en hún hafi neitað því og selt tékkann. Við yfirheyrslu fyrir dómi bar ákærða einnig á þann veg, að meðákærða hafi verið kunnugt, þá er hún seldi tékkann nr. 277424, að hann væri falsaður. Við samprófun við meðákærða dró hún hins vegar þann framburð sinn til baka. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi verið viðstaddur, þá er meðákærða útfyllti og seldi tékka, en hefur neitað að hann hafi vitað, að hann væri falsaður.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hafa ákærðu orðið margsaga um vitneskju ákærða Björns Geirs varðandi fölsun ofangreindra fjögurra tékka, einkum að því er varðar tékka nr. 277411 og 277424. Þegar framangreint er virt, þykir fyllilega sannað, að ákærða Birni Geir hafi verið eða mátt vera það ljóst, að allir tékkarnir í III. kafla ákæru voru falsaðir, þá

er þeir voru seldir. Hafa ákærðu því bæði með sölu hinna fölsuðu tékka gerst sek um skjalafals, sem varðar við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Þessir hafa lagt fram skaðabætur varðandi ofangreinda tékka:

— — —

IV.

Ákærði Björn Geir hefur fyrir RLR og dómi kannast við, að hann hafi gefið út þá 5 tékka, samtals að fjárhæð kr. 4.100, á handhafa á ávísana-reikning sinn nr. 23180 við Samvinnubankann við Suðurlandsbraut og selt þá í staðgreiðsluviðskiptum í Klúbbnum í aprilmánuði 1984, án þess að til væri fyrir þeim innistæða. Er tékkunum að allri gerð rétt lýst í þessum kafla ákæru.

Ákærði hefur borið, að hann hafi, þá er hann gaf tékkana út, ekki vitað annað en næg innistæða væri fyrir þeim, þar sem kunningi hans hefði lofað að leggja kr. 8.500 inn á reikning hans, en síðar hafi hann komist að því, að sá hafi svikist um það.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gefið út ofangreinda fimm tékka, þrátt fyrir að fyrir þeim væri ekki innistæða á reikningi hans. Sú viðbára hans, að hann hafi talið, að næg innistæða hafi verið fyrir hendi, verður ekki tekin til greina, enda bar ákærða að kanna það, áður en hann gaf út tékkana, hvort umræddur kunningi hans hefði staðið við loforð sitt um að leggja féð inn á reikninginn. Varðar þessi háttsemi hans við 248. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

V.

Um kl. 15:22 laugardaginn 26. janúar sl. stöðvuðu lögreglumenn úr Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-64330 í Vonarstræti. Reyndist öku- maðurinn vera ákærði í máli þessu, Björn Geir, og var hann færður til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítala til töku blóðsýnis vegna gruns um ölvun við akstur. Var honum tekið sýnið kl. 16:05. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist 1,47‰ í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið framangreindri bifreið umræddan dag að undanfarinni áfengisneyslu og án ökuleyfis frá Óðali áleiðis að Skólavörðustíg, uns lögreglan stöðvaði aksturinn. Gerði hann ekki athugasemdir við niðurstöðu alkóhólrannsóknar.

Með játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreind háttsemi hans sönnuð, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Önnu var ákæru frestað á hendur henni árið 1981 í 2 ár frá 15. júní það ár vegna þjófnaðar. Þá var hún dæmd þann 28. febrúar 1984 í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár og 10.000 kr. sekt vegna fjársvika.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Björns Geirs hefur hann frá árinu 1979 7 sinnum gengist undir dómsátt, þar af tvívegis fyrir ölvun á almannafæri, þrívégis vegna umferðarlagabrota (þar af tvívegis vegna réttindaleyfis við akstur) og einu sinni vegna nytjastuldar og réttindaleyfis við akstur svo og einu sinni vegna fikniefnabrots. Þá var ákæru frestað á hendur honum árið 1980 í 2 ár frá 21. febrúar sama ár vegna skjalafals, tilraunar til þjófnaðar og réttindaleyfis við akstur. Þá hefur hann hlotið þessa refsídóma:

- 1981 16/9 6 mánaða fangelsi, skb. í 2 ár, og 9.000 kr. sekt vegna skjalafals, þjófnaðar, nytjastuldar og ölvunar við akstur. Sviptur ökuleyfi í 2 ár.
- 1983 7/1 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, ölvun og réttindaleyfi við akstur. Dómur frá 16.09. 1984 dæmdur með.
- 1985 14/1 70 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur.

Ennfremur var ákærði dæmdur þann 28. mars sl. í 60 daga varðhald vegna ölvunar og réttindaleyfis við akstur.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Guðnýjar Magnúsdóttur gekkst hún tvívegis árið 1982 undir dómsátt, í fyrra skiptið vegna ölvunar við akstur, en hið síðara vegna annarra umferðarlagabrota. Öðrum kærnum eða refsingum hefur hún ekki sætt, svo kunnugt sé.

Viðurlög.

Með háttsemi sinni, sem fjallað er um í I, II. kafla, lið 2, 3 og 4 hér að framan, hefur ákærða Anna rofið skilorð dómsins frá 28. febrúar 1984, en brot hennar, sem fjallað er um í 1. lið II. kafla, er framið áður en sá refsídómur var upp kveðinn. Verður henni nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. sömu laga dæmd refsing í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað er um í ofangreindum dómi, og brot þau, sem hún er nú ákærð fyrir. Verður refsingin ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða Björns Geirs, 77. gr. alm. hgl. og því, að brot hans skv. V. kafla hér að framan er hegningarauki við ofangreindan dóm frá 28. mars sl., sbr. 78. gr. alm. hegningarlaga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Ákærða Guðný Rósa hefur aldrei áður hlotið refsídóm. Með hliðsjón af því þykir rétt, þar sem hún hefur hreinskilnislega játað brot sitt, og það er ekki stórvægilegt, að fresta ákvörðun refsingar hennar og hún látin niður

falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22, 1955.

Skadabætur.

— — —

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði Björn Geir verði dæmdur til sviptingar ökuréttinda skv. 81. gr. umferðarlaga. Ákærði var með dóm-inum frá 14. janúar sl. sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, og er því öldungis óþarfi að áréttta nú enn frekar þá sviptingu, sem honum hefur þegar verið gerð.

Loks er ákærði Björn Geir dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hrl., kr. 6.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað eru ákærðu öll dæmd til að greiða in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærða Anna Antonsdóttir sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Björn Geir Jóhannsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákvörðun refsingar ákærðu Guðnýjar Rósu Magnúsdóttur skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði Björn Geir greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hrl., kr. 6.000 í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.
